

**48. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,
Stillholti 16-18,
2. nóvember 2016 og hófst hann kl. 15:00**

Fundinn sátu:

Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður, Gunnhildur Björnsdóttir áheyrnarfulltrúi, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs, Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri og Laufey Jónsdóttir verkefnisstjóri heimaþjónustu.

Fundargerð ritaði: Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1610119 - Gjaldskrár 2017

Á 8. fundi Velferðar og mannréttindaráðs sem haldinn var þann 18. febrúar 2015 var samþykkt að stefna að einföldun gjaldskrár fyrir félagslega heimaþjónustu. Tillagan var að gjaldflokkum yrði fækkað úr þremur í tvo árið 2016 og úr tveimur í einn árið 2017. Áfram verði gert ráð fyrir að notendur með tekjur undir framfærsluviðmiðum Tryggingastofnunar njóti gjaldfrjálsrar þjónustu. Tekjumörk til ákvörðunar á greiðslu miðast við skattskyldar tekjur einstaklinga og hjóna.

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir og leggur til við bæjarráð að fækka gjaldflokkum úr tveimur í einn árið 2017. Áfram verði gert ráð fyrir að notendur með tekjur undir framfærsluviðmiðum Tryggingastofnunar njóti gjaldfrjálsrar þjónustu. Tekjumörk til ákvörðunar á greiðslu miðast við skattskyldar tekjur einstaklinga og hjóna.

Frá og með 15. janúar 2017 verður einn gjaldflokkur fyrir félagslega heimaþjónustu kr. 1058 inni í því gjaldi er 3,2% hækkun í samræmi við almennar gjaldskrárhækkanir bæjarfélagsins fyrir árið 2017 samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar.

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir og leggur til við bæjarráð að hækka gjaldskrá fyrir matarbakka og heimsendingu um 3,2% í samræmi við almennar gjaldskrárhækkanir bæjarfélagsins fyrir árið 2017 samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar. Hver matarbakki og heimsending kostar frá 1. janúar 2017 kr. 1.152. Sundurlíðun er með þessum hætti:

Hráefni kr. 1.003

Heimsendingarkostnaður kr. 149

Samtals: kr. 1.152

Laufey vék af fundi kl. 16:05.

2. 1610043 - Húsnæðismál ný lagasetning

Ný húsnæðislöggjafar sem tekur til laga um almennar íbúðir, húsnæðismál, breytingu á húsaleigulögum, húsnæðisbætur og húsnæðissamvinnufélög liggja fyrir.

Samantekt Sambands Íslenskra sveitarfélaga um Áhrif nýrrar húsnæðislöggjafar gagnvart sveitarfélögum lögð fram.

VG

Velferðar- og mannréttindaráð leggur til að stofnaður verði starfshópur sem falið verði að gera ítarlega greiningu á áhrifum og þeim breytingum sem húsnæðislöggjöfin hefur á sveitarfélagið. Fulltrúar í starfshópnum verða Svala Hreinsdóttir sviðsstjóri, Hrefna Rún Ákadóttir félagsráðgjafi og Vilborg Guðbjartsdóttir formaður velferðar- og mannréttindaráð.

3. 1312089 - Trúnaðarmál

Afgreiðsla trúnaðarmál.

4. 1407106 - Trúnaðarmál

Afgreiðsla trúnaðarmál.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:30.

Vilborg P. Guðbjartsd.
Eira Þorvaldsson

Guunnhildur
Anna Þórz Þorgilsdóttir
Sveinbjörg Kristjánsdóttir
Svala Hreinsdóttir